



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 33/2011

um breytingu á viðmiðunartilboði Símans um samtengingu talsímaneta

I.

Almennt

Mál þetta varðar breytingu á viðmiðunartilboði Símans um samtengingu talsímaneta (RIO) þar sem bætt er við skilgreiningu um beintengingu farsímaneta þar sem Síminn fellur frá umflutningsgjöldum fyrir flutning símtala úr og í farsímnet um talsímanet sitt gegn því að viðsemjandi hagi gjaldtöku sinni með sambærilegum hætti. Er þetta valkostur við áþreifanlega beintengingu farsímaneta, þar sem samtenging getur þá áfram átt sér stað í talsímaneti Símans gegn niðurfellingu umflutningsgjalda.

II.

Málavextir

2.1 Krafa Nova um beina samtengingu farsímanets félagsins við farsímanet Símans

Með bréfi Nova ehf. til Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS), dags. 3. nóvember 2010, krafðist Nova þess að PFS hlutaðist til um að Síminn yrði við kröfu félagsins um samtengingu talsímaneta félaganna, í samræmi við skýra skyldu þess efnis í ákvörðun PFS nr. 18/2010 (markaður 7), eða felldi að öðrum kosti niður innheimtu fyrir umflutning símtala um fastlínunet sitt.

Eftir að málið kom til kasta PFS kallaði stofnunin eftir sjónarmiðum málsaðila og hélt sáttafund með aðilum. Þann 10. mars s.l. tókust sættir milli aðila málsins. Lausnin fólst í því að Síminn skilgreindi samtengipunkt í talsímaneti sínu fyrir farsímanet sitt og um leið hætti fyrirtækið að innheimta umflutningsgjöld frá öðrum kerfum inn í farsímakerfi Símans um talsímanet félagsins en áfram yrði greitt fyrir umflutning Símans í kerfi þriðja aðila um talsímanet Símans. Síminn myndi enn fremur óska eftir beintengingum við alla aðila á markaði, þar sem framangreint fyrirkomulag myndi gilda sem almenn regla. Stuðst yrði áfram við núverandi viðmiðunartilboð um samtengingu talsímaneta (RIO) en það yrði uppfært m.t.t. þessarar lausnar.

2.2 Drög Símans að breytingum á viðmiðunartilboði Símans um samtengingu talsímaneta

Með tölvupósti Símans til PFS, dags. 31. ágúst 2011, tilkynnti Síminn stofnuninni um drög að nýjum viðauka 3a (Þjónusta samnings) við viðmiðunartilboð félagsins um samtengingu talsímaneta (RIO), m.t.t. ofangreinds. Nýjasta útgáfa umrædds viðmiðunartilboðs (útgáfa 3.6) er frá 1. ágúst 2011. Drögin eru dagsett 1. september 2011. Breytingarnar gera ráð fyrir að tvær nýjar málsgreinar bætist við lið 2.2.4 (Umflutningur símaumferðar) í umræddum viðauka. Hinar nýju málsgreinar hljóða svo:

Skilgreind staðsetning á samtengipunkti fyrir farsímanet Símans er í talsímaneti félagsins. Gefst viðsemjanda þannig kostur á beintengingu farsímaneta. Síminn innheimtir í samræmi við það ekki umflutningsgjöld fyrir umflutning umferðar frá öðrum kerfum til farsímanets Símans um talsímanet félagsins, en áfram verður greitt fyrir umflutning Símans í kerfi þriðja aðila um talsímanet Símans.

Ofangreint fyrirkomulag Símans við gjaldtöku fyrir umflutning, er þó háð því að viðsemjandi hagi gjaldtöku sinni fyrir umflutning gagnvart Símanum með sama hætti.

2.3 Samráð PFS um breytingar á viðmiðunartilboði Símans

Þann 18. október 2011 efndi PFS til samráðs um framangreindar breytingar á viðmiðunartilboði Símans um samtengingu talsímaneta. Stóð samráðið til 8. nóvember sama ár og bárust aðeins athugasemdir frá einum aðila, Vodafone.

2.4 Athugasemdir Vodafone við fyrirhugaðar breytingar

Með bréfi Vodafone til PFS, dags. 8. nóvember s.l., bárust athugasemdir félagsins við ofangreindu samráði. Fram kom að félagið hefði kynnt sér hina nýju skilgreiningu og gerði ekki athugasemdir við hana.

III.

Niðurstaða PFS

Að öllu ofangreindu virtu samþykkir PFS ofangreinda viðbót við lið 2.2.4 í viðauka 3a við viðmiðunartilboð Símans um samtengingu talsímaneta (RIO), útgáfu 3.6, frá 1. ágúst 2011. Skal hin nýja útgáfa vera nr. 3.7 og gilda frá og með 1. september s.l. Síminn skal birta hið uppfærða viðmiðunartilboð m.t.t. ofangreinds eigi síðar en 1. janúar 2012.

Ákvörðunarorð

PFS samþykkir eftirfarandi viðbót við lið 2.4.4 í viðauka 3a við viðmiðunartilboð Símans um samtengingu talsímaneta, útgáfu 3.6, frá 1. ágúst 2011:

Skilgreind staðsetning á samtengipunkti fyrir farsímanet Símans er í talsímaneti félagsins. Gefst viðsemjanda þannig kostur á beintengingu farsímaneta. Síminn innheimtir í samræmi við það ekki umflutningsgjöld fyrir umflutning umferðar frá öðrum kerfum til farsímanets Símans um talsímanet

félagsins, en áfram verður greitt fyrir umflutning Símans í kerfi þriðja aðila um talsímanet Símans.

Ofangreint fyrirkomulag Símans við gjaldtöku fyrir umflutning, er þó háð því að viðsemjandi hagi gjaldtöku sinni fyrir umflutning gagnvart Símanum með sama hætti.

Hið breytta viðmiðunartilboð skal verða útgáfa 3,7, dags. 1. september 2011. Síminn skal birta hið uppfærða viðmiðunartilboð eigi síðar en 1. janúar 2012 á heimasíðu félagsins.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, skv. 6. gr. reglugerðar nr. 39/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Reykjavík, 20. desember 2011

Hrafnkell V. Gíslason

Óskar H. Ragnarsson